

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 35/2018

2020/EES/6/01

frá 23. mars 2018

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1978 frá 31. október 2017 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu að því er varðar skrápdyr sem eru tekin utan flokkaðra framleiðslusvæða ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/1979 frá 31. október 2017 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manndis að því er varðar skrápdyr sem eru tekin utan flokkaðra framleiðslusvæða ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1981 frá 31. október 2017 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar hitaskilyrði meðan á flutningi kjöts stendur ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004) í hluta 1.1:

„– **32017 R 1979:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1979 frá 31. október 2017 (Stjtið. ESB L 285, 1.11.2017, bls. 6).“

2. Eftirfarandi undirliðum er bætt við í 17. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004) í hluta 6.1:

„– **32017 R 1978:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1978 frá 31. október 2017 (Stjtið. ESB L 285, 1.11.2017, bls. 3),

– **32017 R 1981:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1981 frá 31. október 2017 (Stjtið. ESB L 285, 1.11.2017, bls. 10).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 285, 1.11.2017, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 285, 1.11.2017, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 285, 1.11.2017, bls. 10.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2017/1978, (ESB) 2017/1979 og (ESB) 2017/1981, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.